

Kennari:
Haukur Hilmarsson

Tímafjöldi:
6 kennslustundir

Kennslufyrirkomulag:
Verklegt nám í smiðjutvennd

Bekkur:
5. bekkur

Hönnun og smíði

Hönnun og smíði sem námsgrein á sér langa sögu. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Auk þess er lögð áhersla á handverk, menningu og tengsl við verklegt framhaldsnám. Námsgreinin byggir því í senn á rótgrónum handverkshefðum og almennum áherslum um uppeldi og menntun. Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómstundir eða heimilishald. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.

Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á áþreifanlegan hátt sem hjálpar nemandanum að skilja merkingu hugtakanna.

Hæfniviðmiðum í hönnun og smíði er skipt upp í þrjá efnisflokk, handverk, hönnun og tækni, og umhverfi, og eru þeir megináherslusvið greinarinnar. Flokkarnir tengjast þó allir innbyrðis.

Lögð er áhersla á að nemendur læri rétta notkun hlífðarbúnaðar og þekki hugtakið vinnuvernd.

Hönnun og smíði

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur geti:</i>	Leiðir:
Hönnun, smíði og samsetning	Efni af vef Ýmsar handbækur og blöð	<ul style="list-style-type: none"> – valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki – hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virknipættir eru að verki í ýmsum hlutum – útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað – útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu – valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum – útskýrt hvernig hægt er að endurnýja og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni – sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði 	Sýnikennsla í hópi Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við broska þeirra og getu Sköpunarþörf og sjálfstæði nemandans fá að njóta sín
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		